



Hlutverk VIRK og starfsendurhæfing á vinnumarkaði

Vigdís Jónsdóttir
framkvæmdastjóri VIRK

Dagskrá:

1. Hvað er starfsendurhæfing?
2. Starfsendurhæfing á vinnumarkaði
3. Þjónusta og verkefni VIRK
4. Fjöldi einstaklinga
5. Hvaðan koma einstaklingarnir?
6. Hver eru vandamálin?
7. Hvert fara einstaklingarnir?
8. Hvað segja einstaklingarnir?
9. Næstu skref



Hvað er starfsendurhæfing?

Starfsendurhæfing er ferli sem felur í sér **stuðning** við einstaklinga með **skerta starfsgetu** í kjölfar veikinda eða slysa í þeim tilgangi að **auka starfshæfni**, viðhalda henni og **stuðla að endurkomu til vinnu**. Í starfsendurhæfingu er unnið með **styrkleika** einstaklingsins samhliða því að lögð er áhersla á að **draga úr áhrifum hindrana** sem skerða starfsgetu.



Byggt á skilgreiningu WHO, 2010


Starfsendurhæfing á vinnumarkaði

- **Hlutverk VIRK** er að draga markvisst úr líkum á því að starfsmenn hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni, eflingu starfsendurhæfingar og öðrum úrræðum
- **Vinnumarkaðsúrræði** sem byggt er upp að frumkvæði aðila vinnumarkaðarins hér á landi. Mikil áhersla lögð á tenginu við vinnumarkaðinn.
- **Snemmbært inngrip** í starfsendurhæfingu getur aðeins átt sér stað í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins því langstærstur hluti launa- og bótagreiðslna í veikindum er greiddur af atvinnurekendum, sjúkrasjóðum og lífeyrissjóðum hér á landi.



Velferðarkerfi vinnumarkaðar

Hvaðan koma greiðslur til einstaklinga með skerta starfshæfni?



Það er mikilvægt að tengja saman greiðslur vegna framfærslu og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar.

Auka þarf ábyrgð bæði einstaklinga og framfærsluaðila í öllu ferlinu

Vinnan er okkur mjög mikilvæg

- Tekjur og lífsviðurværi
- Sjálfstæði og þátttaka
- Vettvangur sköpunar og athafna
- Stór þáttur í sjálfsmynd einstaklinga
- Félagsleg tengsl og félagsleg staða
- Mótar framkomu og viðhorf




Að vera frá vinnu..... :

- Ógnar heilsu og lífsgæðum meira en margir lífshættulegir sjúkdómar
- Í því felst meiri heilsufarsleg áhætta en að vinna mjög erfið störf við hættulegar aðstæður
- Áhættan jafngildir því að reykja 10 pakka af sígarettum á dag
- Ungir menn sem hafa verið án vinnu í 6 mánuði eru 6 sinnum líklegri en aðrir til að taka sitt eigið líf


(Waddell and Aylward, 2005)



Fyrirkomulag þjónustu



26 ráðgjafar í ríflega 23 stöðugildum hjá stéttarfélögum um allt land




Þjónusta og þjónustubættir

Einstaklingur pantar tíma hjá ráðgjafa:

Hann veit af þjónustunni sjálfur eða honum er bent á hana af:

- Trúnaðarmanni á vinnustað
- Heimilislækni
- Stéttarfélagi/sjúkrasjóði
- Yfirmanni
- Vinnufélaga
- Öðrum aðilum



Þjónusta ráðgjafa hjá stéttarfélögum:

- Stuðningur og ráðgjöf
- Umsjón og eftirfylgni
- Upplýsingaöflun og tengsl
- Grunnmat
- Samstarf við vinnustað



Önnur þjónusta ef þarf Nokkur dæmi:


- Stuðningur við vinnu
- Tímar hjá sálfræðingi
- Ýmis námskeið
- Sjálfsstyrking
- Næringarráðgjöf
- Fjármálaráðgjöf
- Líkamsrækt með stuðningi
- Sérhæfð starfsendurhæfingarúrræði
- Þjónusta sérhæfðs matsteymis

Öll aðstoð miðast við að viðhalda vinnusambandi ef það er til staðar eða koma viðkomandi aftur í vinnu

- Ráðgjafar VIRK veita ekki heilbrigðisþjónustu eða meðferð af neinu tagi
- Gott samstarf ráðgjafa við heimilislækna og annað starfsfólk í heilbrigðisþjónustu er hins vegar mjög mikilvægt og getur bæði leitt af sér hagkvæmni og aukinn árangur á öllum sviðum
- Vinna og aðlögun/stuðningur í vinnu er oft mjög mikilvægur þáttur í endurhæfingunni.

Starfshæfnismat

- Þróun á starfshæfnismati hefur verið í gangi hjá VIRK í rúm 2 ár
- Notað til að taka ákvörðun um leiðir og úrræði
- Þörf á samhæfingu hjá öllum sem koma að starfsendurhæfingu
- Þjónustuferillinn skiptir öllu máli varðandi árangur til framtíðar




Sami sjúkdómur getur haft mjög mismunandi áhrif á einstaklinga.

Geta, umhverfi, möguleikar og markmið skipta miklu máli.

Oft eru aðrir þættir en upphafleg veikindi ráðandi ástæður örorku.

Verkefni ráðgjafa

Vinnutími ráðgjafa



Önnur mikilvæg verkefni

- Samstarf við atvinnurekendur og stéttarfélög
- Samstarf við fagaðila vegna mats
- Sífelld þróun vinnuferla og gæðaviðmiða
- Starfshæfnismat með áherslu á starfsgetu og möguleika
- Fræðsla – samningur við NIDMAR (*National Institute of Disability Management and Research*)
- Rannsóknir, þróun og þekkingaröflun
- Útgáfa og fræðsluefni
- Samstarf við fyrirtæki/stofnanir
- Samstarf við heimilislækna og heilbrigðiskerfið




Fjöldi einstaklinga

- Fyrstu ráðgjafarnir komu til starfa haustið 2009
- Tæplega 1700 manns hafa komið til ráðgjafa frá upphafi
- Kynjaskipting: 60% konur og 40% karlar
- Flestir eru á bótum hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga eða á launum í veikindum þegar þeir koma til ráðgjafa
- Í dag eru á milli 1100-1200 manns í reglulegum viðtölum hjá ráðgjafa, eftirfylgd eða öðrum úrræðum
- Ríflega 400 einstaklingar hafa lokið þjónustu, flestir þeirra eru í vinnu í dag eða á leið í vinnu
- Ríflega 100 manns hafa hætt hjá ráðgjafa



Hvaðan koma einstaklingarnir?

Framfærsla í upphafi þjónustu allir sem hafa komið til ráðgjafa VIRK



Hver eru vandamálin?


- Flestir glíma við alvarlegan heilsubrest og eru í reglulegu sambandi við lækni eða aðra meðferðaraðila
- Hluti hópsins kemur eingöngu í ráðgjöf. Stór hluti þessa hóps glímir við alvarlega sjúkdóma og á ekki afturkvæmt á vinnumarkað – fær hins vegar ráðgjöf við að fóta sig áfram í kerfinu
- Stór hópur glímir við geðræn vandamál og stoðkerfisvandamál



Mjög oft tengjast vandamálin vinnunni!


- 64% einstaklinga finnst starfið sem þeir gegndu síðast vera líkamlega erfitt
- Um helmingur einstaklinga sem koma til ráðgjafa VIRK finnst starfið sem þeir gegndu síðast vera andlega erfitt
- Um þriðjungur hefur áhyggjur af því að veikindi versni við endurkomu til vinnu



 **Gott samstarf og stuðningur við atvinnulífið er mjög mikilvægur**

Hvert fara einstaklingarnir?

Staða þeirra sem hafa lokið þjónustu hjá VIRK
Um er að ræða tæplega 400 einstaklinga



86% af einstaklingum sem voru í vinnusambandi við komu til ráðgjafa hafa farið aftur í vinnu

Hvað segja einstaklingarnir?

- „Það slokknaði bara á öllu. Ég var eins og gangandi draugur. Aðstoðin frá Starfsendurhæfingarsjóði bjargaði mér alveg“

(Ung fjögurra barna móðir sem glímdi við punglyndi og kvíðaröskun en er nú komin í vinnu)

- “Þetta hefur gengið rosalega vel og ég hef náð ótrúlegum árangri. Það er líka gott að einangrast ekki í veikindaleyfinu. Þá snýr maður sterkari til baka á ný.“

(Kona á miðjum aldri sem greindist með fjölvefjagigt og þakkar stuðningi ráðgjafa fyrir hversu vel gekk að komast aftur til vinnu)

- “Ef ég hefði ekki fengið þessa aðstoð hjá Soffíu og Starfsendurhæfingarsjóði er hætt við að ég hefði einangrast heima í veikindaleyfi, niðurbrotin manneskja.“

(Ung kona með MS sjúkdóminn. Er nú komin í hlutastarf)



Hvað segja einstaklingarnir?

- „Ég veit ekki hvernig þetta hefði endað ef ég hefði ekki notið fráberrar þjónustu Starfsendurhæfingarsjóðs. Ég var ekki bara sárkvalin vegna bakverkja, heldur leið mér einnig illa andlega vegna óvissunnar um hvenær ég gæti snúið aftur til vinnu..... Ef ég hefði ekki frétt af þjónustu Starfsendurhæfingarsjóðs, sem er manni að kostnaðarlausu, væri ég mögulega enn í veikindaleyfi”

(Leikskólakennari sem fékk aðstoð ráðgjafa við að komast aftur í vinnu í kjölfar alvarlegra veikinda í baki)

- “Þessir ráðgjafar gefast ekki upp á manni og þeir láta mann finna að maður skiptir einhvern einhverju máli”

(Maður sem lengi hefur verið á örorku, tók þátt í námskeiði í heilsuefingu og er hjá ráðgjafa í dag)



Hvað segja einstaklingarnir?

- „Mér finnst það frábært framtak að senda ekki bara bæklinginn, heldur einnig að hringja í þá sem hafa fengið aðstoð úr sjúkrasjóði. Það getur nefnilega verið mikið átak að taka upp símtólið og biðja um þjónustu þótt hún sé án endurgjalds.“


(Ung kona sem gekk í gegnum erfiða krabbameinsmeðferð og persónuleg áföll á sama tíma)

- „Þegar ég var yngri sá ég engan tilgang með því að greiða stéttarfélagsgjöld. Nú er ég glaður í hjarta vegna allrar aðstoðarinnar frá stéttarfélaginu mínu og Starfsendurhæfingarsjóði í kjölfar slyssins sem ég lenti í. Nú skil ég mikilvægi þess að hafa gott stéttarfélag á bak við sig.

(Járnsmiður sem lenti í mjög alvarlegu slysi og þurfti á sama tíma að takast á við mörg áföll. Hann fékk fjölbreytta aðstoð hjá ráðgjafa og er nú kominn með starf á öðru sviði þar sem hann gat ekki snúið aftur í fyrra starf)

Næstu skref.....

- Aukið samstarf við atvinnulíf, aðlögun, reynsluráðningar, vinnuprófanir og fleira
- Aukin samvinna við lífeyrissjóði
- Aukin þjónusta við stjórnendur og fyrirtæki /stofnanir
- Áframhaldandi þróun á starfshæfnismati og stöðug endurgerð á vinnuferlum og verkfærum í ljósi reynslu og árangurs
- Aukin samvinna og fræðsla fyrir fagfólk innan heilbrigðiskerfisins
- Gæðakerfi, vottun og áframhaldandi þekkingarþróun
- Aukin fjölbreytni í uppbyggingu á atvinnutengdum úrræðum
- Áframhaldandi menntun og sérhæfing ráðgjafa í starfsendurhæfingu.






www.virk.is

Komum í veg fyrir þátttökuleysi!

Mikilvægt að tryggja samvinnu og samstarf til að koma í veg fyrir þennan feril



Framtíðarsýn til árangurs

Það sem skiptir öllu máli er að:

- Koma snemma að málum
- Auka ábyrgð og samvinnu allra sem þurfa að koma að málum

Hver er framtíðarsýn okkar og hvaða leiðir eigum við að fara?:

- Á hvað eigum við að leggja áherslu og hvernig?
- Aukin þjónusta við atvinnulíf? Aukin og markvissari samvinna við aðra aðila?
- Auknir möguleikar á starfsendurhæfingu í atvinnulífinu
- Uppbygging á tilraunaverkefni með 15-20 fyrirtækjum til næstu 2-3 ára?:
 - Aðstoð við móttöku fjarvistarstefnu og uppbyggingu virkrar fjarvistarstjórnunar
 - Sérstök aðstoð til stjórnenda vegna fjarvista og endurkomu til vinnu eftir veikindi eða slys
 - Samvinna um starfsendurhæfingu og sveigjanleika á vinnustað